

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

79. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 25. janúar 2024

kl. 18:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mætt voru: Guðný Birna Guðmundsdóttir, Trausti Arngrímsson, Magnús S Magnússon, Birgir Örn Ólafsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

Varaformaður setti fundinn.

1. Kosning formanns

- Lögð var fram tillaga um Trausta Arngrímsson sem formann. Var það samþykkt samhljóða. Lögð var fram tillaga um Guðnýju Birnu sem varaformann og Birgir Örn Ólafsson sem ritari og var það einnig samþykkt samhljóða.

2. Staða fjármála

- Staða fjármála er góð þó að mikil vinna í kringum jarðhræringar setji dálitla skekkju í útgjöld félagsins. Á móti koma tekjur frá Almannavörnum fyrir þau verkefni sem unnin eru.

3. Jafnréttisáætlun BS lögð fram til kynningar og samþykktar

- Stjórn samþykkti framlagða Jafnréttisáætlun BS.

4. Vinna við jafnlaunavottun

Slökkviliðsstjóri fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi varðandi jafnlaunavottun og var jafnréttisáætlunin unnin samhliða þeirri vinnu.

5. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

Verkefni ársins 2023:

Liðið ár var mjög annasamt. Þegar farið er yfir tölfræði útkalla sjáum við aukningu á öllum sviðum, þegar litið er á sjúkraf lutninga sjáum við enn eitt met árið og var útkallsfjöldinn 4795 og hefur ekki fyrr verið meiri. Hreyfingar á slökkviliðið voru 284. Heildarútköll voru 5079. Aukning frá fyrra ári var 2,3%.

Það sem einkenndi liðið ár er lengd útkalla á slökkviliðið, en það skýrist að miklu leiti af jarðhræringum og eldgosum en þau útköll stóðu sum yfir svo dögum skipti.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvellir 33, 230 Reykjanesbæ.

Í slíkum aðstæðum er óhjákvæmilegt að mikil yfirvinna verður bæði á fastráðna starfsmenn og hlutastarfandi, þannig að launakostnaður verður talsvert umfram áætlanir, en kostnaður sem fellur til vegna þessara verkefna er greiddur af almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.

Verkefni ársins 2024 :

Nú í upphafi árs lítur út fyrir að verkefni slökkviliðspáttar BS verði enn meiri en á liðnu ári, við höfum tekið fullan þátt í þeim aðgerðum sem unnið er að í Grindavík, en því miður lítur út fyrir að ekki sjái fyrir endann á þeim atburðum og að við séum komin í ástand á Reykjanesi sem verði viðvarandi á komandi árum.

Þrátt fyrir að reiknað sé með fjölgun ferðamanna má gera ráð fyrir að atburðir í Grindavík muni leiða af sér tímabundna fækkun á sjúkraflutningum á árinu.

Aðgerðarstjórnstöð í slökkvistöðinni:

Í þeim atburðum sem hafa átt sér stað á undanförunum mánuðum hefur komið í ljós hversu mikilvæg aðgerðarstjórnstöð Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur er og hversu rækilega hún hefur sannað gildi sitt, og aðgerðum í Grindavík verið stjórnað frá henni.

Mikill fjöldi starfsmanna hefur verið í vinnu við aðgerðarstjórnstöðina og hefur aðstaða slökkviliðsins skipt miklu máli um framvindu þeirra verkefna, þar sem miklu máli skiptir að aðstaða þeirra sem sinna þessum verkefnum sé góð.

6. Önnur mál.

Stjórn færir starfsfólki BS kærar þakkir fyrir þeirra óeigingjarna framlag vegna aukins álags sem skapast hefur vegna jarðhræringanna í Grindavík.

Fundi slitið kl. 19:00